

Ár 1980, föstudaginn 31. október, var í málinu nr. 18/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 7. mars 1980, kærði Magnús Magnússon fasteignamat á sumarbústað sínum í landi Skálabrekku í Þingvallahreppi. Bústaður þessi er metinn á kr. 8.192.000,- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1979. Hann er byggður 1978 úr timbri og er 156 m³, en flatarmál er 60 m². Kærunni var hafnað með úrskurði Fasteignamats ríkisins, uppkveðnum 2. júní 1980.


Kærandi skaut ofangreindum úrskurði til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 27. ágúst 1980. Kærandi telur mat bústaðarins of hátt og vísar þar m.a. til samanburðar við fasteignamat á húseigninni að Skeiðarvogi 47 í Reykjavík og mats á nýlegum sumarbústöðum í Þingvallasveit.

Fallast má á það með kæranda, að ósamræmis gæti í fasteignamati, þegar bústaður hans er borinn saman við bústað þann, sem kærandi vitnar sérstaklega til. Mat á þeim bústað var of lágt og hefur nú verið leiðrétt. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja, verður ekki talið að mat á sumarbústað kæranda sé of hátt.


Verður kæran því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.



Pétur Stefánsson.



Torfi Ásgeirsson.



Haukur Hafstað.